

## 12. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt 11. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerða götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað þegar byggingarleyfi er veitt.

## 13. gr.

Gatnagerðargjald skv. 11. grein fellur í gjalldaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið, eða einum mánuði eftir að byggingarleyfi er veitt, sé um hús við fullgerða götu að ræða.

Heimilt er þó gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiddast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi eign og ákveður sveitarstjórn við hverja álagningu hvaða vexti þau skuli bera. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréf þriðja aðila.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók.

## 14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 11. gr. skal gatnagerðargjald aldrei nema hærri upphæð en nemur áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi sbr. 2. og 11. gr. laga um gatnagerðargjöld.

## 15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1980.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu á aðalskipulagi Blönduóss.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 14. júlí s. l. staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Blönduóss.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Blönduóshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1980.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*